



## Áfallaáætlun

Þessi áætlun er í mótun en mikilvægt er að hafa eitthvað að styðjast við ef áföll verða í skólasamfélaginu. Þó aðeins sé um drög að ræða þá er þessari áætlun ætlað að veita starfsfólki meira öryggi í starfi og vitneskju um hvaða ferli fer í gang þegar áfall verður.

Þegar áfall verður í Stóru-Vogaskóla sem tengist starfsmanni eða nemanda er mikilvægt að skólastjóri eða staðgengill hans séu upplýstir um það.

Í skólanum er starfandi áfallateymi, í því sitja skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri, ritari, námsráðgjafi og hjúkrunarfræðingur. Ef áfall verður er áfallateymið kallað saman og það skipuleggur með hvaða hætti skuli brugðist við. Meta þarf hvert tilfelli fyrir sig en þessari áætlun er ætlað að vera rammi til stuðnings.

### Áföll geta verið:

- langvarandi og alvarleg veikindi
- slys eða andlát nemanda, foreldris, starfsmanns eða aðstandanda.

### Langvarandi, alvarleg veikindi eða slys:

- skólastjóri eða staðgengill hans upplýsir starfsfólk og nemendur í viðkomandi bekkjum
- skólastjóri/kennari er tengiliður á milli fjölskyldu og starfsfólks
- daglegt starf í eðlilegum farvegi
- hlúum vel að einstaklingnum, sýnum hlýju, varfærni og umhyggju

### Andlát:

- skólastjóri eða staðgengill hans tilkynnir öllu starfsfólki og nemendum í viðkomandi bekkjum um andlátið
- skólastjóri/kennari sendir tölvupóst til foreldra þar sem þeim er tilkynnt hvað gerst hefur, foreldrar eru beðnir að ræða við börnin um andlátið
- fyrir hönd skólans fara skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og kennari heim til viðkomandi með samúðargjöf/kort
- ef áfallið tengist nemanda er haldin kyrrðarstund, kveikt er á kerti og hins látna minnst. Við erum nemendum og starfsfólki til stuðnings, erum yfirveguð og sýnum nærgætni, leyfum nemandanum að tjá sig frekar ef hann vill.

Þegar áfall eða sorg ber að dyrum skulum við vera þess minnug að sýna virðingu án þess að dvelja of lengi við áfallið.

Sýnum hjartahlýju og hluttekningu en hjálpum viðkomandi að koma sínu daglega lífi aftur í eðlilegt horf.